



Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 7. nóvember 2018



Sjötti fundur 61. stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal HSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, miðvikudaginn 7. nóvember 2018 kl.12.00

Mættir voru: Arnar Þorkelsson, Davíð B. Gíslason, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Hjalti Þór Hreinsson, Hjördís Guðmundsdóttir, Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Inga Lilja Lárusdóttir, Magnús Karl Daníelsson, Reynir Stefánsson, Þorbergur Aðalsteinsson og Þorgeir Haraldsson.

Fjarverandi: Enginn

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. 9 mánaða uppgjör
AP fór yfir 9 mánaða uppgjör sem lagt var fyrir stjórn.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
 - a. Starfsmannamál
RG kynnti stöðu starfsmannamála en Kjartan Vído hefur verið ráðinn í stöðu markaðsstjóra.
 - b. Staða styrktaraðila
RG fór yfir stöðu styrktaraðila. Ljóst er að stjórn þarf að leggjast á eitt með starfsmönnum sambandsins við öflun styrktaraðila.
 - c. Landsleikir karla
Karlalandsliðið lék 2 landsleiki í undankeppni EM. Sigrar unnust á Grikklandi og Tyrklandi og er landsliðið í góðri stöðu í riðlunum. Þá lék u-21 árs landsliðið 2 leiki við Frakka og unnu fyrri leikinn örugglega en töpuðu þeim seinni. Þá var u-17 ára landslið karla í Frakklandi á móti og stóðu sig með þrýði.
 - d. Landsleikir kvenna
Kvennalandsliðið leikur núna í nóvember 2 vináttulandsleiki við Kína og Noreg B áður en liðið fer til Makedóníu í undankeppni HM. Liðið er þar í riðli ásamt Makedóníu, Azerbaidjan og Tyrklandi. Þá spilar B landslið kvenna 2 leiki við Færeyjar í nóvember.
 - e. Formannafundur
Formannafundur var haldinn fyrir landsleik Íslands og Grikklands og tókst vel til. Fleiri fundir verða haldnir með sama hætti framvegis.
4. Greiðslur til dómara og eftirlitsmanna
Formannafundur HSÍ óskaði eindregið eftir því við stjórn HSÍ að skrifstofa HSÍ tæki yfir greiðslur til dómara og eftirlitsmanna. Það væri eðlilegra viðskiptasamband gagnvart dómurum. Stjórn HSÍ hefur verulegar áhyggjur af innheimtu frá félögum varðandi þetta. Stjórn HSÍ ákvað að taka saman kostnaðaráætlun gagnvart félögunum og verður umræðan tekin á formannafundi síðar í nóvember.
5. Breyting á reglugerð um dómara og eftirlitsmenn
Á síðasta formannafundi var einnig fjallað um VAR dómgæslu og er vilji dómaranefndar HSÍ og félaganna að taka þetta upp í ÓB sjónvarpsútsendingum. Laganefnd HSÍ vann að breytingu að reglugerð og samþykkir stjórn HSÍ hana samhljóða.



6. Stöðuskýrslur nefnda

GBO óskar eftir því að fá stöðuskýrslu nefnda á stjórnarfundum og tökum við fyrstu umferð á næsta stjórnarfundum.

7. Önnur mál

- a. GBO rakti samskipti sín við rektor vegna Hrafnhildar Hönnu. Rektor tók vel í erindi formanns og er málið í ferli innan skólans. Hins vegar eru vandamál varðandi próf hjá landsliðsstúlkum á sama tíma og verkefni er. RG mun hafa samband við HR.
- b. RG kynnti erindi frá Fylki varðandi eftirlitsmenn og mun útbúa svar í samræmi við umræðu formannafundar.

Næsti fundur stjórnar HSÍ er miðvikudaginn 5. Desember kl.12.00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari